

Síldarvinnslan Helguvík
Eggert Einarsson/Gunnar Sverrisson
Stakksbraut 5
230 Keflavík


Reykjavík, 6. janúar 2020
UST201901-229/gf
08.10.02

Varðar lokunareftirlit hjá fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar í Helguvík, 2019

Þann 27. nóvember sl. fór fram lokunareftirlit í fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar í Helguvík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson


Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrít: Heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Helguvík Helguvík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	27.11.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan Helguvík	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Stakksbraut 5	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Eggert Einarsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Sverrisson	Staðsetning	326111,902 396024,62

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Síldarvinnslan í Helguvík sótti þann 23. apríl sl. um niðurfellingu starfsleyfis fyrir fiskimjölsverksmiðju SVN í Helguvík. Þá hafði verksmiðjan ekki verið gangsett síðan í desember 2018. Virkuð hafði verið áætlun um frágang vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar og tilkynnt að verklok vegna frágangs gætu orðið haustið 2019. Óskað var eftir lokaúttekt Umhverfisstofnunar að þeim tíma liðnum.

Engin frávik fundust og engar athugsemdir gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

1. Starfsleyfi og staða þess
2. Gagnaskil vegna 2018
3. Verkskýrsla vegna frágangs við lokun verksmiðjunnar:
 - a. Hreinsun löndunarþúnaðs og blóðvatnslagna
 - b. Hreinsun hráefnisgeyma og lagna
 - c. Tæming og hreinsun á búnaði, tækjum, dagtönkum og lögnum
 - d. Hreinun lýsisgeyma og lagna
 - e. Hreinsun mjölgeyma og mjölhúss
 - f. Hreinsun olíugeyma og lagna
 - g. Tæming og hreinsun á pokasíum og hreinsibúnaði í útblæstri
 - h. Tæming efnaleifa úr húsnaðinu
 - i. Hreinsun efnageymslu
 - j. Hreinsun olíuskilju
 - k. Hreinsun og frágangur lóðar
 - l. Útsláttur á rafmagni þar sem þess er ekki þörf
 - m. Hurðum og dyrum lokað og læst
 - n. Senda Umhverfisstofnun verklokaskýrslu og ítreka niðurlagningu á starfsleyfi
4. Skoðun á framgangi lokunar

Lokunareftirlitið byrjaði á fundi með Eggerti Einarssyni og Gunnari Sverrissyni, fulltrúum SVN í Helguvík og Gottskálk Friðgeirsson eftirlitsmanni Umhverfisstofnunar.

1. Starfsleyfi SVN í Helguvík var gefið út í janúar 2014 og gildistíminn er til janúar 2030. Sótt hefur verið um niðurfellingu starfsleyfis.

2.. Farið var yfir stöðu rekstraraðila varðandi gögn sem ber að skila. Útstreymisbókhald fyrir 2018 barst fyrir 1. maí sl. eins og áskilið er og grænt bókhald fyrir 2018 barst 8. júní sl og eru engin útistandandi mál vegna þessa. Mælingar á ástandi landaðs hráefnis (TVN mælingar) bárust með skilum, síðast í desember 2018. Mælingar í frárennsli verksmiðjunnar og útblæstri liggja fyrir, eins skýrsla um losun á heildarmagni mengandi efna frá verksmiðjunni og hávaða.

Öllum gögnum sem krafist er hefur því verið skilað.

3. Frágangi samkvæmt áætlun rekstraraðila er lokið. Skýrslan: Verklokaskýrsla vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar barst 29. nóvember sl. Þar er farið yfir lokunarframkvæmdir s.s. vegna löndunarþúnaðs hráefnis, hráefnisgeyma og blóðvatnsgemaya, búnað, tæki og geyma í vinnslusal verksmiðjunnar, búnað vegna hreinsunar og geymslu á lýsi eins mjölkerfi og geymslur. Staðan á olíumannvirkjum er útskýrð, s.s. geymum, lögnum, lekavörnum og olíuskiljum. Sama með efnageymslum.

Búnaður er í söluferli og mun hverfa af svæðinu. Það sem ekki selst verður komið til endurvinnslu og/eða förgunar hjá verktakanum Hringrás sem rekstraraðili er með samning við.